

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein reglugerðarinnar orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 100 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1.75%. Af leyfum fyrir bensíni og brennsluolium, sem falla undir tollskrárn. 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir námskostnaði. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsál gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. sbr. lög nr. 104 28. des. 1978 um breyting á þeim lögum og öðlast gildi 1. janúar 1979.

Viðskiptaráðuneytið, 28. desember 1978.

Svarar Gestsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

30. desember 1978.

Nr. 437.

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI

Sérstakt vörugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til og með 31. desember 1979 skal greiða það skv. 2. gr. reglugerðar þessarar í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

1. Af vörum sem falla undir gjaldflokk A skal greiða 16% gjald til og með 31. desember 1978 en tímabilið frá og með 1. janúar 1979 til og með 31. desember 1979 greiðist 18% gjald.
2. Af vörum sem falla undir gjaldflokk B skal greiða 30% gjald.